



Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið  
c/o Hinrik Greipsson  
Skúlagötu 4,  
150 Reykjavík

**Efni: Byggðakvóti Vopnafjarðarhrepps 2016/2017**

Á fundi sveitarstjórnar Vopnafjarðarhrepps þann 8. desember sl. var samþykkt eftirfarandi tillaga varðandi úthlutun á byggðakvóta fiskveiðiárið 2016/2017:

*“65% byggðakvótans er skipt hlutfallslega miðað við allan landaðan bolfiskafla í tegundum sem hafa þorskígildisstuðul í þorskígildum talið, sem landað var á Vopnafirði á tímabilinu 1. september 2015 til 31. ágúst 2016. 35% úthlutaðs byggðakvóta skiptist jafnt milli báta undir 1000 tonnum með heimilisfestu á Vopnafirði.”*

Þetta tilkynnist hér með

Vopnafirði 9. desember 2016

Virðingarfyllst,

  
Ólafur Áki Ragnarsson, sveitarstjóri



Sveitarstjóri  
Vopnafjarðarhrepps